

Sæll Gunnar

Hér með óskum við Ingólfur Þór Ævarsson og Guðmundur Axel Sverrisson lóðarhafar af Brekadal 40 og 42 eftir því að umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar taki fyrir beiðni um að breyta skipulagi fyrir fyrrnefndar lóðir, Brekadal 40 og Brekadal 42.

Óskað er eftir því að í staðin fyrir að byggja tveggja hæðar hús eins og gert er ráð fyrir á deiliskipulagi að þá verði byggt hús á einni hæð með breikkun á byggingareit úr 8m í 11m.

Fordæmi fyrir breytingu úr tveimur hæðum í eina má sjá í Leirdal 2-16, 22-28 og Mardal 1-4 og 16-34 sem er í sama hverfi en þar hafa fengist leyfi fyrir að breyta tveggja hæða húsum í hús á eina hæð.

Séð yfir Mardal, þar sem breyting úr tveimur hæðum í eina hefur átt sér stað.



Breytingin myndi skyggja minna á hús við Seljudal 2-8.



Lóðinar við Brekadal 40 og 42 liggja tvær saman á reit og með breytingunni yrðu húsin byggð eins. Lóðir umhverfis húsin væru eins og upphaflega var gert ráð fyrir og útlit götunnar væri ennþá gott þar sem húsin standa tvö saman. Auk þess samkvæmt deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir neinni byggð á vesturhlið lóðar númer 40.

Ef farið er út fyrir hverfið má sjá slík fordæmi þar sem götur hafa bæði hús á einni og tveimur hæðum á Freyjuvöllum, Óðinsvöllum og Bragavöllum svo dæmi séu tekin.

Með ósk um jákvæð viðbrögð og afgreiðslu.

Ingólfur Þór Ævarsson
Guðmundur Axel Sverrisson